

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Akraneskaupstað.

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstað sem haldinn var þann 31. maí 2011 var samþykkt breyting á deiliskipulagi við Jaðarsbakka.

Breytingin felst m.a. í að skilgreindur er byggingarreitur vestan áhorfendastúku við knattspyrnuvöll, gert er ráð fyrir að byggja vaðlaug, timburpall, gæsluskúr og skýli yfir vaðlaugina.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 9. júní 2011.

Þorvaldur Vestmann framkvæmdastjóri.

B-deild – Útgáfud.: 27. júní 2011